Borgarskjalasafn Reykjavíkur

# Niðurjöfnun útsvara 1896-1900

Aðfnr. 1283, örk 13


Tekið af vef Borgarskjalasafnsins

www.borgarskjalasafn.is

Heimilt er að vitna í skjölin og skal þá geta uppruna þeirra.

Ljósmyndun þessara skjala var styrkt af Þjóðskjalasafni Íslands.

© Borgarskjalasafn Reykjavíkur

Niðurjöfnunarnefndar-skjöl. haustið 1900.

(Kærur, bréf o. fl.). –

© Borgarskjalasafn Reykjavíkur

© Borgarskjalasafn Reykjavíkur

# Útsvarskærur 1910.

1. + Jens Lange, málari -- dags. 7/12. 1910. Mótt. 7/12 1910.
2. + Þorgrímur Jónsson - - -- 3/12. -- -- 8/12.
3. + Sigurður Pétursson (lögregla) -- 10/12 -- -- 10/12
4. + Bjarni Magnússon, Nýlendustíg 19 -- 10/12 -- -- 10/12
5. + Tómas Petersen, Vegavinnustjóri -- 10/12 -- -- 12/12.
6. + Ólafur Egilsson, Miðhúsum, Rvík -- 8/12 -- -- 12/12
7. + Þorkell Halldórsson, Stein-Grund -- 10/12 -- -- 13/12.
8. + Sigurður Gunnarsson, Reykjavík, -- 13/12 -- -- 14/12.
9. + Daniel Bernhöft, bakari, Rv., -- 12/12 -- -- 15/12.
10. + Jón Steinason, Rvk, stýrimaður. -- 14/12 -- -- 17/12.
11. + Jón Bjarnason, tinsmiður, Bráðræðisstíg -- 13/12 -- -- 19/12.
12. + Guðlaug Þórðardóttir, Bókhlöðustíg -- 17/12 -- -- 20/12.
13. + Björn Gíslason, skipstjóri -- 15/12 -- -- 20/12.
14. + Magnús Magnússon, skipstjóri -- 20/12 -- -- 21/12.
15. + Ben. Kristjánsson, próf. astr. (frú Elinb. Kristj. si.). 20/12 -- -- 28/12.
16. + O. J. Haldorsen, timburmaður -- 27/12 -- -- 28/12.

Fundur 4/1. 1901. Kærur úrskurðaðar. —

© Borgarskjalasafn Reykjavíkur

© Borgarskjalasafn Reykjavíkur

© Borgarskjalasafn Reykjavíkur

© Borgarskjalasafn Reykjavíkur

gjald 35 Kr.
1899 - 18 -

Lækkað um 10 Kr.

№ 1/1900. - 7/12.00.

Efter, at have læst Skatteligningen for Reykjavik Aaret 1901; og deraf set, at den ærede Ligningscommission har forhöjet det mig paalignede Skattebelöb; fra 18 Kr. op til 35. - altsaa paa en Krone nær fordoblet det - skal jeg; da dette Belöb, efter mine Forhold er alt for höjt, tillade mig at tilstille den ærede Ligningscommission fölgende Oplÿsninger om mine Formuesomstændigheder og Indtægter.

Mine Indtægter var Aaret 1899 800 til 825 Kr
Aaret 1900 750 til 800 Kr

Dertil kan föjes at min Hustrue i Vintermaanederne af Aaret har havt 4 Kr pr Maaned, for 3 Timers ugentlig Undervisning i Kvindeskolen, og 4 Kr maanedlig for Elever privatunderviste hjemme; men disse Indtægter vil paa Grund af Familieomstændigheder ophöre nu ved Nytaar.
Jeg skal hertil tilföje at hverken min Hustrue, eller jeg ejer nogen som helst Formue, hverken fast eller rörlig; ud over det nödvendige Inabo, og aldrig har modtaget nogen Arv eller lignende Understöttelse
Endvidere skal jeg tilföje at jeg ikke - som jeg har hört at der almindeligt fortalles, - bor husléjefrit, men tværtimod betaler en efter mine Forhold höj Husleje. og maatte begÿnde med Gjæld.
Sandheden af disse Oplysninger skal jeg til enhver Tid være rede til bekræfte ved Eds Aflæggelse.
Haabende at den ærede Ligningscommission af dette vil forstaa at det mig paalignede Belöb er alt for höjt. beder jeg at Belöbet maa nedsættes i 15 Kr eller i hvert Tilfælde det samme, som i Fjor;

Med særdeles Agtelse
Rkvik, 7. December, 1900.
Jens Lange. Maler

Til Ligningscommissionen i Reykjavik

© Borgarskjalasafn Reykjavíkur

© Borgarskjalasafn Reykjavíkur

Hr. málari Jens Lange,
Laugaveg.

Bfgt. Rvíkur, 9. jan. 1901.

Kæru yðar, dags. 7. f. mán., yfir auka-útsvari því, sem niðurjöfnunarnefndin í að-alniðurjöfnun nóvembermán. gjörði yður að greiða þetta yfirstandandi ár, að upphæð 35 kr., lagði jeg fyrir nefndina á fundi hennar 4. þ. m., og úrskurðaði hún þá með tilliti til ástæðna þeirra, sem þjer hafið gefið um hag yðar, að færa gjaldið niður um 10 kr., eða ofan í 25 kr.

Þetta tilkynnist jeg yður hjermeð eptir fyrirlagi nefndarinnar. —

No 1/1900. —

© Borgarskjalasafn Reykjavíkur

© Borgarskjalasafn Reykjavíkur

í fyrra j [illegible] lagt á.
Annar bróðirinn kominn til
vinnu.
Ekki rétt –

Gjald 8 Kr. í 1ta sinn. 2/1900. 8/12. 00
óbreytt

Á gjaldanda skrá þeirri sem fyrir liggur til sýnis þar sem safnað er niður gjöldum á bæjarbúa eptir efnum og á stæðum í þarfir bæjarins stendur nafn mitt (Þorgrímur Jónsson) með kr 8. sem mjer er gjört að borga sem aukaútsvar.

Jeg bjóst ekki við því að hin heiðraða Niðurjöfnunarnefnd mundi leggja á mig þetta gjald jeg er unglingur í foreldra húsum ófráskaður og ekki sjálfstæður sem ekki sýnist líkligt að þannig lagaðar gjald skyldur hvíli á það sem jeg vinn [illegible]

© Borgarskjalasafn Reykjavíkur

jeg heimili foreldra minna
í þeim tilgangi ef unt væri
að heilsu lítilli móður og
ungri bræðrum liði betur
en annars.

Jeg segist minna heimili
foreldra minna þrátt
fyrir það þó að faðir
minn komi aldrei að
heimilinu og því
síður vinni því gagn.
En á meðan að hann
hefur ekki skilið við
heimilið öðruvísi en
orðið er þá sýnist líklegt
að hann sje sá sem svara
á þannig lögðum gjald
skyldum sem lagðar eru
á heimilið.

Af þessum ástæðum
verð jeg að leyfa mjer að skora
á hina heiðruðu Niðurjöfnun
arnefnd að að strika nafn
mitt út af þessari fornefndu
gjaldandaskrá

Reykjavík 8/12 1900

Með virðingu

Þorgrímur Jónsson

Áður lagt á Jón Þórðarson, föður, í Bergskoti: 16 kr. — Nú sleppt, atvinnulaus. —

Til

Niðurjöfnunarnefndarinnar
í Reykjavík.

góða atvinnu sem ~~[illegible]~~ sýnist aður;
heimilis-aðilum ekki [illegible] [illegible]

© Borgarskjalasafn Reykjavíkur

Herra Þorgrími Jónssyni, Bergskoti
(við Kaplaskjólsveg)

Í Nfn. Rv., 9. jan., 1901. –

X

Kæru Yðar, dags. 8. þ. m., yfir aukaútsvari því, að upphæð 8 kr., sem niðurjöfnunarnefndin í síðastliðnum nóvembermánuði gjörði Yður að greiða til bæjarþarfa á yfirstandandi ári, lagði jeg fyrir nefndina á fundi hennar 4. þ. m., og úrskurðaði nefndin eptir að hafa athugað alla málavöxtu, að kæruna skyldi eigi taka til greina. –

Jafnframt og jeg tilkynni Yður þessi málalok eptir fyrirlagi nefndarinnar, skal jeg geta þess, að eigi gat komið til mála að byggja neitt gjald á föður Yðar, þar sem hann, sem er fjelaus og atvinnulaus, og ~~sem~~ hefur yfirgefið heimili sitt og yðar, eptir Yðar eigin sögusögn, að telja yðar vanda, að þjer nú veitið heimili yðar forstöðu, að þjer hafið góða atvinnu sem sjómaður, að annar bróðir Yðar er kominn til vinnu og farinn að gjöra heimili Yðar gagn, og að heimilisástæður yðar eigi eru lakari nú en í fyrra, að öðru en því, að faðir Yðar er rokinn burtu af heimilinu, en þá var aukaútsvar yðar (þ: föður Yðar) helmingi hærra (16 kr.), en Yðar er nú. Hefur gjaldið þannig verið lækkað um helming. –

No 2/1900. –

© Borgarskjalasafn Reykjavíkur

© Borgarskjalasafn Reykjavíkur

Gjald - - 18,00. Lækkað um 2 kr.
1899 - - 25,00. Eftir ... átti lækkað um 7 kr. - ... þegar hann sótti um bæjarleyfi.

No 3/1900. - 10/12.00.

Þar sem mjer finnst að mjer hafi verið gert ofhátt útsvar (bæjargjald) af niðurjöfnunarnefndinni, fyrir árið 1901. í samanburði við aðra gjaldendur hjer í bæ, þá er jeg neiddur til að benda á ástæður mínar og líka taka þá til samanburðar sem mjer finnst helst ástæða til, með kvörtunn minni til stuðnings,

Atvinna mín síðast liðið sumar, var mjög lítil fjörleg, og jeg svifstu hennu undir veturinn, jeg hafði sem öllum er ljóst 300 Kr yfir besta tímann í 6 mánuði þar af varð jeg að kaupa fyrir mína peninga fatnað, til að vera í að eins yfir sumartímann, fjármunir mínir eru engvir engin skepna, og mjög rýrt innbú. Þrjú börn sitt á hverju ári, og skuldugur þar á ofann um 150 Kr. uppi Mýrasýslu sem jeg get sýnt og sannað þeger hver vill, hvar auður minn á að vera í fólginn í augum niðurjöfnunarnefndarinnar er mjer óskiljanlegt formaður nefndarþessarar ætti að vita að ekki eru peningar frá mjer á Landsbankanum, nú hef jeg lýst helstu kringumstæðum mínum, og tek svo til samanburðar, fyrst skal fragamtelja einn úr niðurjöfnunarnefndinni Guðmund bónda Guðmundsson á Vegamótum, ómagalausann efnaðan, eða rjettara sagt ríkismanni sem á einn son barna og vann hann í búð sl. sumar, á erfðafestu land sem er mörg hundruð krónu virði, og annað land hjer, sem einnig eru stórir peningar í tvö hús á landi þessu síðar nefnda utann úti hús og hesthús, hesta og kýr, og þessum manni er gert að borga af þessu upptalda að eins 24 krónur, en mjer sem ekkert eða lítið á nema 3 börn í ómegð er ætlað að greiða 18 krónur. getið þjer hátt virta nefnd fundið að þetta sje samviskusamlega niðurjafnað? en fremur til greini jeg Helga Jónsson Banka skrefara. hann hefur 1500 kr fastalaun á jarðeign uppi Borgarnesi sem ekki er föl nema fyrir afarhátt verð þar á ofann hefur mjög svo kostuglegt innbú til þess sem vera skal. hann á 5 börn. og honum er gert að láta 3 kr minna eða 15 krónur í bæjargjald,!

© Borgarskjalasafn Reykjavíkur

Nú krefst jeg þess ad hinni háttvirtu nidur jöfnunar nefnd mætti þóknast ad taka þessi 3 á minnsta atridi til yfir vegunar. og er þad krafa mín, ad mitt gjald verdi fært nidur um helming, ennhinna beggja framann nefnda hakkad, ad ödru leiti verd jeg ad leita rjettar míns vid viðkjandi þessu. fáist þad ekki lúd rjett eins og jeg hef fram sett hjer,

Virdingar fyllst.

Reykjavík 10 desember 1900.

Sigurdur Pjetursson

Til

Nidurjöfnunarnefndarinnar í Reykjavík

© Borgarskjalasafn Reykjavíkur

Herra lögregluþjóni Sigurði Péturssyni, Laugaveg. —

Í Kjst. Rvíkur, 9. jan., 1901. —

No 3/1900.

Kæru yðar, dags. 10. f. m., yfir aukaútsvari því, að upphæð 18 kr., sem niðurjöfnunarnefndin í síðast-liðnum nóvembermánuði gjörði yður að greiða til bæjarsjóðs á yfir-standandi ári, lagði jeg fyrir nefnd-ina á fundi hennar 4. þ. m., og úr-skurðaði nefndin, eftir að hafa at-hugað af nýju hag yðar og alla málavexti, að kærunni yrði ekki sinnt, og að útsvarið skyldi standa óbreytt. —

Jafnframt og jeg tilkynni yður þetta eftir fyrirlagi nefndarinnar, skal jeg taka það fram, að í fyrra var auka-útsvar yðar 25 kr., og hefir nefndin þannig lækkað það um 7 kr. nú í haust. Þetta er þegar mjög álitleg lækkun, einkum þegar þess er gætt, að auka-útsvarsupphæð bæjarins nú var ~~1500 kr.~~ fullt 1700 kr. hærri en í fyrra, og að útsvörum þeim því nú yfirleitt urðu að ~~hækka~~ hækka. Ennfremur skal þess getið, að þegar nefndin ákvað útsvar yðar í fyrra (25 kr.), hafði hún fyrir sjer og byggði á yðar eigin skýrslu um efna-hag yðar, sem þjer höfðuð gefið, þá er þjer sóttuð um bæjarleyfi, og fundust því þá eigi að útsvarinu. Að hagur yðar hafi síðan þá versnað svo mjög ~~síðan~~, að þjer eigið heimtingu á frekari lækk-un á útsvarinu, en þegar hefur verið gjört, getur nefndin eigi kann-ast ~~við~~ við, og [illegible]

© Borgarskjalasafn Reykjavíkur

yðar eru eigi svo lagaðar, að þær
hafi breytt áliti nefndarinnar í
þeim efni. — Þá hefur nefndinni
eigi þótt tilefni til, að hækka útsvör
manna þeirra, sem þér nefnið til saman-
burðar í bréfi yðar. —

© Borgarskjalasafn Reykjavíkur

Gjaldið – 18,00. Lækkað um 3 Kr. № 4/1900. – 10/12. 00.
1899 – 14,00.

Í skrá yfir niðurjöfnun á aukaútsvörum hjer í Reykjavík, fyrir árið 1901, sem er samin haustið 1900, hefur heiðruð niðurjöfnunarnefnd bæjarins veitt mjer þann heiður, að setja mig á þessa skrá með 18 króna útsvar fyrir árið 1901, sem er það hæðsta útsvar sem jeg hefi getið eftir að í áður nefndri útsvarsskrá vera lagt á menn sem eru í sömu stöðu og jeg; að jeg eigi þennan heiður ekki skilið, vil jeg hjermeð leitast við að sýna hinni heiðruðu niðurjöfnunarnefnd framá, með þeim ástæðum sem nú skal greina.

Á síðastliðnum vetri varð jeg fyrir því óhappi að reiða mig á að fá góða atvinnu hjá fiskveiða fjelaginu „Ísafold“, og rjeði mig þessvegna ekki í skiprúm í tækan tíð, þegar jeg um mánaða mótin jan.–febr. síðastliðin fjekk vissu fyrir að hjá því fjelagi væri engin atvinnu von, voru flest sund lokuð að aflavænlegum skiprúmum, því þá var fullráðið í þau, samt rjeðist jeg til sjós vetrarvertíðina á kútter „Gardar“, sem fiskaði aðeins nál. 11.000 á þeim tíma á 22 menn, jeg var ráðinn uppá hálfdrætti, og átti hlutfallslega nál. meðaltali af aflanum, var svo í vegagjörð í sumar, frá 17. maí til 3. oktober, árstekjur mínar hafa verið þessar.

| | | |
|---|---|---|
| 1. | Vinnulaun við ístöku í janúar og febr. mán. | kr 23,00 |
| 2. | Vetrarvertíðar afli (hjerumbil) | – 90,00 |
| 3. | Vinnulaun í vegagjörðinni (sjá kaupskrár frá Mýrum) | 332,87 |
| 4. | Vinnulaun við ýmislegt í haust | 4,35 |
| | Samtals kr | 450,22 |

© Borgarskjalasafn Reykjavíkur

Jeg veit að vanalega eru nefnder tel saman burðar einhverjer af gjaldendum sama breytjar eða bæjarfjelags, þegar maður kærir útsvar sitt sem of hátt, því miður brestur meg kunnugleika tel að gjöra það með þeim nákvæmni sem jeg vildi, en eg að síður skal jeg leifa mjer að nefna fáeina gjaldendur sem flestir eru einhleipir menn einsog jeg, og sem jeg hugsa að hafi mein árstekjur en jeg yfirstandandi ár.

| | | |
|---|---|---|
| 1. | Björn Rósenkranz verslunarmaður | útsvar hans kr 12,00 |
| 2. | Einar Björnsson | — — — 12,00 |
| 3. | Einar Gunnarsson endurskoðari sem hefur 1000 kr árslaunum úr landsjóði, og auk þess konsulstörf. Útsvar | — — 20,00 |
| 4. | Elís Magnússon verslunarmaður, | — — — 15,00 |
| 5. | Gísli Gunnarsson kaupmaður Kirkjustræti, | — — — 8,00 |
| 6. | Guðjón Gamalíelsson múrari, | — — — 14,00 |
| 7. | Karl Hemert verslunarmaður, | — — — 10,00 |
| 8. | Kr. H. Jónsson prentari | — — — 8,00 |
| 9. | Lúðvík Hafliðason verslunarmaður | — — — 10,00 |
| 10. | Vigfús Jósefsson stírimaður, var frá nýjári háseti á eimskipinu „Ísafold", og stírimaður á fiskiskipi í sumar | — 16,00 |
| 11. | Þorgeir Jörgensson stírimaður á kútter „Margréti" hefur mikla atvinnu við seglasaum á vetrum, Útsvar | — 16,00 |
| 12. | Þorsteinn Pálsson verslunarmaður | — — 12,00 |

Fleiri nöfn með tilheirandi útsvars upphæð hefi jeg ekki skrifað upp mjer tel minnis, enda vona jeg þetta nægi, tel að sannfæra hina heiðruðu nefnd um að útsvar mitt sje alt of hátt.

Jeg skal taka það fram tel frekari skíringar, að jeg hefi alt árið kostað mig að fæði, og öllu öðru, utan vetrarvertíðina, hafði

© Borgarskjalasafn Reykjavíkur

jeg fæði „um borð" einnig gerist, hjer í Reykjavík eyði jeg í fæði á dag nál. 65 aurum, borga húsaleigu 2. kr. um mán. alt árið, svo er ljós, ræsting þjónusta fatnaður og fl. einnig vanalega gerist hjá mönnum sem alt verða útað kaupa. í vegagjörðinni vóru útgjöld hjá mjer á dag til fæðnaðar 82 7/20. aurar.

Að endingu er það krafa mín að útsvar mitt sje lækkað um 8 krónur, en til vara krefst jeg ef heiðruð nefnd vill ekki fallast á það, að útsvör þessara heiðruðu gjaldenda, sem jeg hjer að framan hefi nefnt sjeu hækkuð um 4 til 10 krónur.

Reykjavík 10. desember 1900

virðingarfyllst

Bjarni Magnússon

að: Nýlendustíg 19.

Til

niðurjöfnunarnefndarinnar í Reykjavík

© Borgarskjalasafn Reykjavíkur

© Borgarskjalasafn Reykjavíkur

Til

herra Bjarna Magnússonar,

Nýlendustíg 19.

Í bæjarstj. Reykjav., 9. jan., 1901.

Kæru Yðar, dags. 10. f. mán., yfir aukaútsvari því til bæjarsjóðs, að upphæð 18 kr., sem niðurjöfnunarnefndin í síðastliðnum nóvembermánuði ákvað Yður fyrir yfirstandandi ár, lagði jeg fyrir nefndina á fundi hennar 4. þ. m., og úrskurðaði nefndin þá, er hún hafði athugað kæru Yðar, og með tilliti til ástæðna þeirra, sem þjer skýrið frá, að lækka útsvarið um 3 kr., eða færa það úr 18 kr. niður í 15 kr. —

Þetta gefst Yður hjermeð til vitundar eptir fyrirlagi nefndarinnar. —

Nr. 4/1900. —

© Borgarskjalasafn Reykjavíkur

© Borgarskjalasafn Reykjavíkur

Gjald- kr 20,00. **Fellur niður.** –

No 5/1900. – 12/12. 00.

Björn Guðm.s. [illegible] hann um 10 kr. –

Jeg sje á niðurjöfnunarskrá Reykjavíkur-kaupstaðar, fyrir árið 1901, að hin háttvirta niðurjöfnunarnefnd, hefir lagt á mig í aukaútsvar 20 krónur fyrir nefnt ár.

Eins og meðfylgj. vottorð húsbónda míns, Björns verzlunarstjóra Guðmundssonar ber með sjer, er jeg hjá hans (vinnumaður) en hvorki lausamaður sje búandi.

Jeg leyfi mjer því, að fara þess á leit við hina háttvirtu niðurjöfnunarnefnd að hún góðfúslega nemi í burtu þetta tjeðu aukaútsvar mitt

Reykjavík, 10. desember, 1900.

Tómas Petersen

Til Niðurjöfnunarnefndar Reykjavíkurkaupstaðar

© Borgarskjalasafn Reykjavíkur

© Borgarskjalasafn Reykjavíkur

@ No 5/1 1900.

Í tilefni af kæru Tómásar Petersens, stjúpsonar míns, til niðurjöfnunarnefndar Reykjavíkurkaupstaðar út af aukaútsvari hans, votta jeg hjer með að Tómas hefur dvalið hjá mjer frá því hann var barn, að aldri, en hefur undanfarin ár, einsog nú verið hjúe mitt, og álít jeg hann því alls ekki skyldann að borga aukaútsvar.

Reykjavík, 10. desbr. 1900.
Björn Guðmundsson

© Borgarskjalasafn Reykjavíkur

© Borgarskjalasafn Reykjavíkur

Til

Herra vegavinnustjóra Tómasar Petersen,

Rvík. —

Í Niðurjöfnunarn.: Rvíkur, 9. jan., 1900.

1. Eptir að jeg hafði lagt kæru yðar, dags. 10. f. m., yfir aukaútsvari því, sem niðurjöfnunarnefndin í síðastliðnum nóvembermánuði gjörði yður að greiða til bæjarþarfa á yfirstandandi ári, fyrir nefndina á fundi hennar 4. þ. m., úrskurðaði nefndin, að gjaldið 20 kr. skuli falla niður, með því að hún tók það trúanlegt, að þjer værið hjú (vinnumaður) annars manns. —
Þetta tilkynni jeg yður hjermeð eptir fyrirlagi nefndarinnar. —

---

Til

Herra verzlunarstjóra Birni Guðmundssyni (múrara), Rvík.

Í niðurjöfnunarnefnd Rvíkur, 9. jan. 1900.

2. Í síðastliðnum nóvembermánuði lagði niðurjöfnunarnefndin 20 kr. aukaútsvar á vegavinnustjóra Tómas Petersen, sem dvalið hefir hjá yður í mörg ár. Nú hefir hann kært yfir útsvari þessu, og sannað með vottorði yðar, að hann væri vinnumaður (hjú) yðar. Nefndin tók málið til íhugunar á fundi 4. þ. m., og felldi niður með úrskurði áðurgreint útsvarsgjald Tómasar. — En jafnframt ákvað nefndin, að hækka yðar eigið útsvar til bæjarþarfa um 10 kr., eða úr 80 kr. upp í 90 kr. með tilliti til þess, að þjer hefið síðastliðið ár haft mjög álitlegan arð af atvinnu Tómasar Petersens. — Þetta tilkynni jeg yður hjermeð, herra verzlunarstjóri, eptir fyrirlagi nefndarinnar. —

Nr. 5/1900. —

© Borgarskjalasafn Reykjavíkur

© Borgarskjalasafn Reykjavíkur

Gjöld 10 Kr. – fellur niður No 6/1900. – 12/12. 00.
1899 / 20 Kr.

Vegna þess jeg hefi orðið þess vís að hin háttvirta ? 20 Kr. niðurjöfnunarnefnd hafi nú, eins og að undanförnu, lagt á mig 10 kr aukaútsvar fyrir næstkomandi ár (1901), leyfi jeg mjer að skýra henni frá því, að jeg, sökum þess að efni mín og heilsa er þrotin, eigi get lengur haldið áfram búskap í tómthúsmennsku, eða að eiga með mig sjálfur, og er jeg því nú þegar ásamt konu minni algjörlega kominn til Guðjóns sonar míns, sem í haust hefir fengið tómthúsmennskuleyfi hjer í bænum, og sem hin háttvirta nefnd líka hefir lagt á 15 kr aukaútsvar fyrir næsta ár. Þessi sonur minn hefir nú tekið okkur foreldra sína algjörlega til sín til þess að ala önn fyrir okkur framvegis, svo það lítið sem við getum unnið gengur í hans þarfir, því að við erum og verðum skylduómagar hans svo lengi sem hann getur staðið straum af okkur.

Út af þessu leyfi jeg mjer virðingarfyllst að æskja þess og vænta að hin háttvirta niðurjöfnunarnefnd láti ofannefnt 10 kr aukaútsvar mitt fyrir næstkomandi ár niðurfalla og burtnemast af niðurjöfnunarskránni.

Miðhúsum í Reykjavík, 8. desember 1900.

Virðingarfyllst.
Ólafur Eyjólfsson.

Til
Niðurjöfnunarnefndarinnar í Reykjavík.

© Borgarskjalasafn Reykjavíkur

© Borgarskjalasafn Reykjavíkur

Til

Herra Ólafs Eyjólfssonar,

Miðhúsum, Rvík.

Í bæjarstj. Rvíkur, 9. jan., 1901.

Kæru Yðar, dags. 8. f. mán., yfir aukaútsvari því til bæjarþarfa, sem niðurjöfnunarnefndin lagði á Yður í síðastliðnum nóvembermánuði fyrir yfirstandandi ár, lagði jeg fyrir nefndina á fundi hennar 4. þ. m., og úrskurðaði nefndin þá, samkvæmt skýrslu þeirri er þjer hafið gefið um hagi Yðar, að tjeð gjald, að upphæð 10 Kr., skuli falla niður, [I]

Þetta gefst Yður hjermeð til vitundar, en jafnframt skal þess getið, að það er ranghermt í brjefi Yðar, að nefndin hafi nú lagt á Yður sama gjald og að undanförnu, því að gjaldið var í haust lækkað að helmingi, eða um 10 Kr. —

[I] þar eð þjer eruð að öðru leyti komnir til Guðjóns sonar Yðar til framfærslu. —

№ 6/1900. —

© Borgarskjalasafn Reykjavíkur

Eintd 10 kr.
1899, 10.–

№ 7/1900. – 13/12. 00.

Af því hin Heiðraða Niðurjöfnunar nefnd hefur Enn sem fyrri lagt á mig að gjalda í aukaútsvar 10 krónur sem jeg álít að hún hafi gjört af vana en Ekki að hún hafi farið Eptir ástæðum mínum sem Ekki hafa staðið í stað þettað ár þar sem jeg fatlaðist frá allri vinnu fullan 8 vikna tíma syðastliðið sumar fyrir utan það sem jeg er orðin svo lúin að jeg er ónógur til að nota mjer alla þá atvinnu sem kann að bjóðast þó jeg taki mjer aungva jafnaðarmenn sem mjer er þó mjög hægt og þar að auki hef jeg ómaga sem jeg hn sje um að nokkru leyti og Ekkjert sem jeg hef að styðjast við annað en það sem jeg gjet fengið að gjöra sem lítið er svo að útaf þessu treysti jeg

Lækkað um 2 kr. niður í 8 til vikunar.

© Borgarskjalasafn Reykjavíkur

nefndinni til ad draga úr því út-
svari sem lagt er á mig nú og jeg vona
ad hún veiti mjer nokkra tilslökun
Ef henni synist það ekki ósanngjarnt

Virdingarfyllst

á Stórugrund 10 Desember 1900

Þorkjell Halldórsson

Til

Niðurjöfnunarnefndar Reykjavíkur

© Borgarskjalasafn Reykjavíkur

Til
Herra Þorvalds Halldórssonar,
Stóru-Grund, Rvík.

Í bæjarstj. Rvíkur, 9. jan. 1901.

X

Kæru yðar, dags. 10. f. m., yfir aukaútsvari því, sem niðurjöfnunarnefndin í síðastliðnum nóvembermánuði gjörði yður að greiða til bæjarsjóðs á yfirstandandi ári, að upphæð 10 kr., lagði jeg fyrir nefndina á fundi hennar 4. þ. m., og úrskurðaði hún þá með tilliti til vanheilsu yðar síðastliðið sumar, að lækka gjaldið um 2 kr., það er að segja úr 10 kr. ofan í 8 kr. —

Þetta gefst yður hjermeð til vitundar eptir fyrirlagi nefndarinnar.

No 7/1901. —

© Borgarskjalasafn Reykjavíkur

© Borgarskjalasafn Reykjavíkur

Gjöld 20 kr. – Agæt atvinna,
1899 – 16 – ástæður at öðru
óbreyttar. –
Ekki sinnt.

No 8/1900. – 14/12. '00.

Með kjæru þessari læt jeg yður í ljósi, háttvirta niður jöfnunarnefd, það að jeg get ekki liðið að útsvar mitt sje hækkað allt að 1/5 á þessu ári. heimilis ástæður mínar eru verri nú enn síðastliðið ár, konan mjög heilsu tæp, og jeg hef orðið að kosta til með meðöl, og læknis hjálp, mörgum tugum króna nú í ár, þrju börn öll úng og jeg mjög svo farinn að láta undan með heilsu til að geta staðist erfiði einkum, ~~einkum~~ síðari part sumarsins og í haust. í þetta hálfa hús sem nýjer hefur verið talið er eign söfnunar sjóðsins og varð jeg að sleppa yfir ráðum þeim sem jeg hafði á því, nú nýlega.

Ekki búið að byggja annað

þar sem jeg verð að benda á góðar ástæður í samanburði við útsvars upphæðir er hjá Pjetri Nætur vörð vel efnaður maður ómagalítill eða ómagalaus hefur allt af bestu atvinnu sumar og vetur, annann Guðm. Guðmundsson Vegamótum stór eignamann, sem öllum hlítur að vera kunnugt bæði af lifandi skepnum biggingum og landeignum á hann er lagt 24 kr. enn mig 20 kr. hann á uppkominn son sem vann fyrir kaupi við verzlun í sumar, og þriðji er Guðmundur Guðmundsson skrifari hjá Bæjarfógeta. hann á hús eign góða og dýra hefur fasta forþjenustu með yfir 1,000 kr kaupi og Verzlun í til bóta – í Tekjuskránni má sjá hvert ekki eru tekjur hans fult þetta ómaga líkt eða má-skje einum meira enn jeg hann hefur 35 kr., kringum stæður þessara og eins mínar vil jeg biðja hina háttvirtu ~~fáta~~ niðurjöfnunar nefd í Reykjavík svo vel gjöra og að gjæta og er það mín alvarleg ósk að þessara upptöldu(hjer að ofan) manna útsvör verði hækkuð eptir því sem framm kemur við ýtarlegri yfir veginn, enn

© Borgarskjalasafn Reykjavíkur

út svar mitt er enginn á staða að hækka úr
því sem það var síðast liðið ár, og fergj framm
á að það verði fært niður í þá upphað; - þó þarfir
Bæjarins hafi vaxið í ár er enginn á staða að hækka
á mjer. með virðingu og virðingu

Reykjavík 13 desember 1900.

Sigurður Gunnarsson

Til

Niðurjöfnunar nefndarinnar í Reykjavík.

© Borgarskjalasafn Reykjavíkur

Til

Herra járnsmiðs Sigurðar Gunnarssonar, Rvík. —

BVJN-Rvíkur, 9. jan. 1901.

L1700

No 8/1900. —

Kæru yðar, dags. 13. f. m., yfir auka-útsvari því til bæjarþarfa, að upphæð 20 kr., sem niðurjöfnunarnefndin lagði á yður í eptirliðnum nóvembermánuði fyrir yfirstandandi ár, — lagði jeg fyrir nefndina á fundi hennar 4. þ. m., og ályktaði nefndin, eptir að hafa íhugað kæruna og alla málavexti, að eigi skyldi taka kæruna til greina. —

Jafnframt og jeg tilkynni yður þetta eptir ályktun nefndarinnar, skal jeg taka það fram, að útsvör bæjarbúa hafa orðið hækkuð að miklum mun, þannig að þau eru þetta árið rúmum ~~1500~~ kr. ~~hærri~~ hærri en síðastliðið ár, að þessum hækkunum hlaut að jafna á bæjarbúa, og að þjer álitust einn af þeim, er ættu að bera örlítinn hluta af ~~hækkun~~ hækkuninni, með því að efnahagur yðar telst þannig góður, þjer hafið haft ágæta atvinnu síðastliðið ár, og ómegð yðar hefur eigi aukizt, enda eru heimilisástæður yðar að áliti nefndarinnar engar erfiðar. Þarsem þjer getið þess, að þjer hafið orðið að „sleppa húsi yðar“ nú nýlega, þá er nefndinni það kunnugt, að þjer hafið selt hús yðar fullu verði; og að þjer eruð í undirbúningi með að byggja yður annað hús í staðinn. — Gjald yðar (20 kr.) álítur nefndin því að öllu athuguðu eigi of hátt, og hún hefur eigi fundið ástæðu til þess, að lækka útsvör þeirra manna, sem þjer nefnið til samanburðar. —

© Borgarskjalasafn Reykjavíkur

© Borgarskjalasafn Reykjavíkur

Ekki sinnt.

Fjelagsbakaríið – 100 kr.
C. Frederiksen – 45. –

№ 9/1910. – 15/12. –

Á skrá þeirri, sem liggur frammi yfir niðurjöfnun aukaútsvara í Reykjavík, sé eg, að hinni háttvirtu niðurjöfnunarnefnd hefur þóknast að leggja á mig aukaútsvar að upphæð 150 krónur. Þar sem mér þykir útsvar þetta ærið hátt, bæði í samanburði við útsvör ýmsra annara og við efni mín og ástæður, vil eg leyfa mér að færa ástæður fyrir þessu í sem styztu máli.

Eg skal fyrst taka það fram, að meðan móðir mín sál. átti bakarí mitt, hvíldi á því að eins 2000 króna veðskuld, sem hún borgaði af að eins 80 krónur í vexti árlega, en enga afborgun. Hún hafði aukaútsvar seinustu árin sem hún lifði að upphæð 150 kr. En nú, þótt eg sé eigandi bakarísins á pappírnum, þá hvílir nú á húseigninni 10000 króna veðskuld í veðdeild Landsbankans og auk þess skulda eg meðerfingum mínum um 5000 krónur. Af þessum 15000 krónum verð eg að borga bæði vexti og afborganir og er auðsætt, að það nemur eigi svo litilli upphæð árlega. Svo er líka þess að gæta að síðan móðir mín leið, ~~hefur~~ hefur nýtt bakarí verið byggt á Laugavegi og auk þess hefur Fjelags-bakaríið útibú þar og gefur að skilja, að slíkt dragi eigi all-lítið frá bakaríi mínu. Þótt sumir kunni að álíta, að umsetning í bakaríi mínu

© Borgarskjalasafn Reykjavíkur

hafi aukist síðan móðir mín féll frá, er slíkt fjarri sanni. Og þótt umsetningin væri hin sama og fyr, sem ekki er, getur engum dulist, að þar sem eg hef margfalt meiri skuldir nú, en áður voru á eign þessari, þá er eigi sanngjarnt að eg beri jafnhátt útsvar og áður hefur verið lagt á þetta bakarí.

Til samanburðar vil eg leyfa mér að benda á Félagsbakaríið í Vesturgötu. Það hefur 100 króna útsvar. Eftir því, sem mér er frekast kunnugt um, hefur það engu minni umsetningu en bakarí mitt. Það hefur brauða-útsölu uppi á Laugavegi, auk aðalútsölunnar vestur frá. Sé útsvar þess sanngjarnt, mun varla dyljast neinum, að útsvar mitt sé mikið of hátt í samanburði við það.

Þótt eg gæti tekið fleiri til samanburðar, þá læt eg hér við lenda og vona, að eg hafi nú í stuttu máli gjört ljósa grein fyrir, að útsvar ~~mitt~~ það, sem mér hefur verið gjört, sé of hátt og vænti þess, að hin háttvirta niðurjöfnunarnefnd færi útsvar mitt niður, svo að það verði eigi hærra en það, sem lagt hefur verið á Félagsbakaríið.

Reykjavík, 12. desember 1900

Virðingarfyllst

Daniel Bernhöft

Til

Niðurjöfnunarnefndar Reykjavíkur.

© Borgarskjalasafn Reykjavíkur

Herra bakari Daníel Bernhöft,
Rvík.

Í Bjstj. Rv., 9. jan., 1901.—

Kæra yðar, dags. 12. f. m., yfir auka-útsvari því til bæjarþarfa, að upphæð 150 kr., sem niðurjöfnunarnefndin lagði á yður í síðastliðnum nóvembermánuði fyrir yfirstandandi ár, — lagði ég fyrir nefndina á fundi hennar 4. þ. m., og úrskurðaði hún þá, eptir að hafa athugað ástæður yðar og efnahag af nýju, svo og skýrslu þá, sem kæran innihélt, að eigi væri ástæða til að taka hana til greina, og að útsvar yðar skyldi standa óbreytt. —

Jafnframt og jeg tilkynni yður þennan úrskurð eptir fyrirlagi nefndarinnar, skal jeg taka það fram, <u>að</u> auka-útsvar yðar er nú ákveðið jafn-hátt eins og það var í fyrra, þrátt fyrir það þótt auka-útsvör bæjarins hafi hækkað að miklum mun (yfir 1700 kr.), <u>að</u> útsvarið er í raun og veru 40 kr. lægra en það var síðasta ár móður yðar heitinnar, því að þá var lagt á bakaríið 150 kr. og á yður, sem veittuð því forstöðu, 40 kr., <u>að</u> útsvarið var þó enn hærra nokkrum árum áður, því að síðustu afa-ár móður yðar var gjaldið á bakaríinu hækkað að mun (um 20 kr.), <u>að</u> gjaldið á félagsbakaríinu, sem þeir tóku til samanburðar, er litlum mun lægra en yðar gjald, þar sem lagt er á það sjálft 100 kr. og á forstöðumann þess (C. Frederiksen) 45 kr., samtals 145 kr., [illegible]

© Borgarskjalasafn Reykjavíkur

Nr. 9/1900.-

[ En skal þess getið, að ~~hve~~ þótt bakaríum
og brauðsölubúðum hafi fjölgað hin
síðustu árin, þá hefur bæjarbúum
jafnframt fjölgað geysimikið, og ~~það~~
þar sem það áður tíðkaðist mjög, að baka
brauð í heimahúsum, er það nú gjör-
samlega lagt niður. Nefndin heldur
því, að atvinnurekstur þeirra sje nálægt
því eins arðvænlegur nú eins og að
undanförnu, og af þessum sökum
þótti henni það

þess sem lagt er á alla eigendur Tjöld-
bakarís fyllsta gjald hvern fyrir
sig, og að hagur þeirra að öðru leyti
ólíkt mjög götu, þar sem þeir hafi
mjög litla ómagabyrði; og skuldir þeirra
eru litlar í hlutfalli við hina miklu
eign, sem þeir eiga. ~~enda stafa þær~~
~~einvörðungu af því, að þeir eigi að fara~~
~~út í ofsann tygtkina þeirra~~ ~~þar~~ ~~þótti~~ ~~það~~ eigi
tiltækilegt, að lækka gjald þeirra frekara
en gjört var í fyrra. —

Gild - 25 kr.
1899 - 14 " "
Ekki sinnt.

№ 10 / 1900. - 17/12 00.

Jeg undirskrifaður leyfi mjer hjer með að tilkynna hinni háttvirtu niður-jöfnunarnefnd, að jeg er óánægður með það aukaútsvar, sem hún hefur lagt á mig núna í haust, nfl. 25 kr.; jeg hef aldrei verið skipstjóri, og hef fyrir tveimur börnum að sjá.

Aptur á móti leyfi jeg mjer að tilnefna:

1. herra Þorstein Egilsson, sem sömuleiðis á að borga í aukaútsvar 25 kr. en hann [illegible]

© Borgarskjalasafn Reykjavíkur

maður, og hefur verið skipstjóri einmitt jafnlangan tíma, sem jeg hef. verið stýrimaður.

2. Ennfremur: herra Þorvald Jónsson, sem einungis á að borga í aukaútsvar 14 kr.

Þetta vil jeg biðja hina háttvirtu niðurjöfnunarnefnd að athuga, og lækka mitt aukaútsvar.

Reykjavík 14. des. 1900.

Jón Steinason.

Til
niðurjöfnunarnefnd-arinnar

nefndinni ókunnugt að verði skipstjóri.

verður skipstjóri í ár hjá Geir Zoëga.

© Borgarskjalasafn Reykjavíkur

Til

Herra skipstjóra Jóns Steinasonar, Rvík.

Í Rvík. Rvíkur, 9. jan., 1901.

X

Nº 10/1900.—

Kæru yðar, dags. 14. f. m., yfir aukaútsvari því til bæjarsjóðs, að upphæð 25 kr., sem niðurjöfnunarnefndin í síðastliðnum nóvembermánuði ákvað yður fyrir yfirstandandi ár, — lagði jeg fyrir nefndina á fundi hennar 4. þ. m., og varð það þá úrskurður hennar, eptir að hún hafði nákvæmlega athugað málavexti, að eigi bæri að sinna kæru yðar, og samkvæmt því synjaði hún yður um niðurfærslu gjaldsins. —

Jafnframt og jeg tilkynni yður þennan úrskurð nefndarinnar, skal jeg taka það fram, að nefndin hefur það fyrir satt, að þjer sjeuð ráðinn skipstjóri fyrir yfirstandandi ár (nú á eitt af skipum G. Zoëga kaupmanns), þótt þjer segið ~~annað~~ í brjefi yðar, að þjer hafið aldrei verið skipstjóri, og verða áætlaðar tekjur yðar fyrir yfirstandandi ár að miðast við það. Með því að efnahagur yðar er að áliti nefndarinnar all-sæmilegur, þótt þjer eigi getið kallazt efnaður, og þar sem þjer hafið fyrir lítilli ómegð að sjá, þótti nefndinni gjald yðar eigi mega vera minna en 25 kr., sem yfirleitt er hið lægsta gjald, sem lagt hefur verið á skipstjóra að þessu sinni. — Nefndinni er það alls ókunnugt, að Þorvaldur Jónsson, sem þjer nefnið, verði skipstjóri

© Borgarskjalasafn Reykjavíkur

þetta ár, og finnur hún eigi ástæðu
til að banna gjald hans nje heldur
skipstjóri Þorsteinn Egilsson, sem
þjer minnist á í brjefi yðar. —

© Borgarskjalasafn Reykjavíkur

Gjald 16 Kr. Ekki | № 11/1900. – 19/12.00.
1899 16 Kr. Sinnt.

Því miður fjekk jeg sint tækifæri til þess að skoða niðurjöfnunar skrá bæjarynnar hina síðustu, ekki fir en 13 þ. m. En eftir að hafa athugað hana gat mjer ekki fundist hún eins nákvæm eða sanngjörn og jeg hefði kosið hvað sjálfann mig snerti, Jeg er alveg eigna laus maður en hef orðið firir stórum skaða hið næstliðna ár mist tvö út úr valse kross en í tilfinnanlegum skuldum eins og jeg get sýnt og sannað. Mjer eru settar Kr 16 í skránni og finst mjer það of hátt í samanburði við ýmsa aðra og skal jeg leifa mjer að nefna tvö þar til. Sigurð Guðmundsson á Hliði við Kaplaskjólsveg með Kr 15 og Þórð þar

© Borgarskjalasafn Reykjavíkur

leifs son. Skólavörðu stíg með
18. Jeg þekki ekki betur en báðir
þessir menn standi betur en jeg
í efnalegu tilliti fremur en því
munar sem þeir eru gjald hærri
og mundi til dæmis mega sjá það
um hinn fyr talda ef hann legði
framm alla byggingar reikninga
sýna sem Valla mun standa ýkja
mikið af í skuld. Hvorugur maður
en veit jeg til að hafi orðið fyrir skröð
um. Og eftir þessu að dæma mundi
ekki ó,rjett látt að hækka á þeim
ef rjett er á mig lagt eða þá að lækka
útsvar mitt og annað hvort af
þessu Vona jeg að hafi framm
gang.

Bræðraborgarstíg 11, 13 desbr 1900

Jón Bjarnarson (trjesmiður)

Til
Niðurjöfnunarnefndarinnar
í Reykjavík.

Engar fullnægjandi upplýsingar.

© Borgarskjalasafn Reykjavíkur

Til

Herra Jóns Björnssonar, trjesmiðs,
Bræðraborgarstíg 11. —

X

Í Nfn. Rvíkur, 9. jan., 1900.

Kæru yðar, dags. 13. f. m., yfir útsvari því til bæjarþarfa, að upphæð 16 kr., sem niðurjöfnunarnefndin í síðastliðnum nóvembermánuði gjörði yður að greiða fyrir yfirstandandi ár, — lagði jeg fyrir nefndina á fundi hennar 4. þ. m., og úrskurðaði hún þá, eptir að hafa íhugað skýrslu yðar í kærunni og alla málavexti, að eigi skyldi taka hana til greina, og að útsvar yðar þar af leiðandi skuli vera óbreytt. —

Um leið og jeg tilkynni yður þessi málalok eptir fyrirlagi nefndarinnar, skal jeg geta þess, að þó að útsvarsupphæð bæjarins sje þetta árið að miklum mun hærri en í fyrra (sem eigi nemur 1700 kr.), var yður eigi gjört hærra gjald nú en í fyrra (16 kr. hvort árið), og er því gjald yðar nú lægra en í fyrra í samburði við marga aðra, sem hafa hlotið gjaldhækkun, þótt efnahagur þeirra, sumra hverra, hafi eigi batnað. Að færa gjald yðar niður, þegar svona stóð á, þótti eigi tiltækilegt, því að hagur yðar hafði eigi breyzt til hins lakara, svo að nefndinni væri kunnugt. Og þó að þjer hafið misst 2 hross árið sem leið, sem þjer getið um í brjefi yðar, þótti nefndinni eigi þar svo nægileg ástæða til að lækka þetta gjald yðar, sem er nálega lægsta gjald fyrir mann í yðar stöðu og með yðar atvinnurekstri, að eins lítið hærra en venjulegt útsvar lausamanna. Með tilliti til [illegible]

№ 11/1900.

© Borgarskjalasafn Reykjavíkur

þjer eigi gefið oss neina ákveðna upplýsingu
í brjefi yðar um efnahag yðar og
heimilisástæður, þótti nefndinni eigi
rjett að taka kæru yðar til greina.

© Borgarskjalasafn Reykjavíkur

Greitt 8 kr. 1899 12 -- } Felt niður af þessum ástæðum. No 12/1900. - 20/12. 00.

Hér með leyfi eg mér að tilkynna hinni heiðruðu niðurjöfnunarnefnd Reykjavíkur, að aukaútsvar, það er hún (niðurjöfnunarnefndin) hefir lagt á mig yfirstandandi ár, getur alls eigi orðið greitt frá minni hendi, sökum þess, að eg er alveg eignalaus og þar að auki, er eg fyrir ellilasleika sakir orðin ómöguleg til að vinna fyrir mér sjálf.

Annars þætti mér mjög líklegt, að niðurjöfnunarnefndin vissi það, að eg hefi algerlega verið hjá Jóni syni mínum síðan í fyrravor.

Reykjavík (við Bókhlöðustíg) 17. des. 1900

Guðlaug Þórðardóttir

Til

niðurjöfnunarnefndarinnar í Reykjavík

© Borgarskjalasafn Reykjavíkur

© Borgarskjalasafn Reykjavíkur

Til

Ekkjunnar Guðlaugar Þórðardóttur,
Bókhlöðustíg, Rvík.

Í Njfn: Rvíkur, 9. jan., 1901.—

Kæru yðar, dags. 17. f. m., yfir útsvari því til bæjarsjóðs, að upphæð 8 kr., sem niðurjöfnunarnefndin í síðastliðnum nóvembermánuði lagði á yður fyrir yfirstandandi ár, — lagði bj. fyrir nefndina á fundi 4. þ. m., og úrskurðaði nefndin þá, að hið áminnsta útsvarsgjald skuli falla niður, þar eð hún telur það sannanlegt, að þér séuð orðin eignalaus, og algjörlega komin á framfæri ~~hjá~~ til Jóns sonar yðar. —

Þetta tilkynni jeg yður hjermeð eptir fyrirlagi nefndarinnar. —

No 12. / 1900. —

© Borgarskjalasafn Reykjavíkur

© Borgarskjalasafn Reykjavíkur

Gjald – 30 kr Lækkað um 5 kr. No 13/1900. 20/12 00.
1899 – A 10

Á niðurjöfnunarskrá yfir aukaútsvör Reykjavíkurbúa fyrir næstkomandi ár, sje jeg að mjer er ætlað að greiða 30 krónur í aukaútsvar. Þetta gjald mitt finnst mjer ofhátt, bæði eptir efnum mínum og ástæðum, og eins í samanburði við marga aðra gjaldendur. Jeg er fátækur maður, því að jeg, – sem er 28 ára að aldri – hefi alltaf frá því jeg komst upp og allt fram að síðastliðnu vori verið hjá aldurhniginni og fátækri móður minni, og unnið kauplaust fyrir henni og og systur minni, sem alla æfi sína hefir verið mjög heilsuveik, og nú hin síðustu ár sárþjáð af þungum sjúkdómi, og svo að segja heilt ár legið rúmföst að mestu leyti. Þessi systir mín og móðir mín hafa því lítið annað athvarf sjer til lífsframfæris, en það sem jeg get látið þeim í tje.

Jeg byrjaði fyrst á síðastliðnu vori að eiga með mig sjálfur, og að vera skipstjóri; og gipti mig á þessu hausti. Skipstjórn mín og afli gekk nú reyndar heldur vel. En þar sem þetta er nú að eins byrjun minnar sjálfstæðu sjómennsku og búskapar, og jeg, eins áður er frá skýrt, er enn eignalaus maður, og hefi talsverð þyngsli af minni sárveiku systur og ellihrumu móður, þá þykir mjer ofantjeð aukaútsvar mitt ofhátt sett.

Jeg skal til samanburðar leyfa mjer að taka það fram,

© Borgarskjalasafn Reykjavíkur

að á niðurjöfnarskránni stendur, að skipstjóri Jafet Sigurðsson eigi að borga 30 krónur í aukaútsvar, eins og jeg. Hann hefir verið skipstjóri í 2 ár, og fiskað vel bæði árin; verið einhleypur þangað til hann gipti sig í haust, og hann hefir engan ómaga að annazt. — Skipstjóri Þorlákur Teitsson á að greiða 30 kr. í aukaútsvar, eins og jeg. Hann er eigandi að allgóðu íbúðarhúsi úr steini; hefir verið skipstjóri í mörg ár, og alltaf fiskað vel. — Þórður Pjetursson í Oddgeirsbæ á að greiða 40 krónur í aukaútsvar, að eins 10 kr meira en jeg. Hann hefir átt og keypt part í þilskipi, og fengið af því góðan afla. Þar að auki á hann allmikla húseign, (Oddgeirsbæ) og er talinn vel efnaður maður. — Með tilliti til þessara, og margra fleiri gjaldenda, og sjerstaklega með tilliti til þess, að jeg á einga aðra eign til en vinnu mína, en verð að leggja talsvert fje fram, – að því leyti sem jeg get, – til hjálpar móður minni og minni veiku systur, leyfi jeg mjer virðingarfyllst að fara því fram við hina háttvirtu niðurjöfnunarnefnd, að hún færi framangreint 30 króna aukaútsvar mitt niður í 20 krónur, því það álít jeg að sje hæfileg upphæð í samanburði við framangreinda gjaldendur, og ástæður mínar og efnahag; en hærra gjald get jeg ekki álitið sanngjarnt fyrir jafnefnalítinn frumbýling eins og jeg er.

Reykjavík, 15. desember 1900.

Virðingarfyllst:

Björn Gíslason

Til
Niðurjöfnunarnefndarinnar
í Reykjavík.

© Borgarskjalasafn Reykjavíkur

Til

Herra skipstjóra Björns Gíslasonar,

Bakka, Rvík.

Kæru yðar, dags. 15. f. m., yfir auka-útsvari því til bæjarsjóðs, sem niður-jöfnunarnefndin í síðastliðnum nóvembermánuði ákvað yður fyrir yfirstandandi ár, – lagði jeg fyrir nefndina á fundi hennar 4. þ. m., og úrskurðaði hún þá, eptir að hafa athugað skýrslu yðar í kærunni, að færa gjaldið niður um 5 kr., eða úr 30 kr. ofan í 25 kr. –

Þetta gefst yður hjermeð til vitundar eptir fyrirlagi nefndarinnar. –

Í bæjarst. Rvíkur, 9. jan. 1900.

X

No 13/1900. –

© Borgarskjalasafn Reykjavíkur

© Borgarskjalasafn Reykjavíkur

Gisldið - 60 kr.
1899 - 25 -

Enn' svarað.

No 14/1900. - 21/12. '00. -

Laun við Sjómannaskólann í vetur 1000 kr.
Tekjur í sumar er leið minnst 1500 kr. -

Samkvæmt því sem 74 tölubl. Ísafoldar 1899 ber með sjer hefur hin heiðraða niðurjöfnunarnefnd gjört mjer að greiða 69 krónur í aukaútsvar fyrir komandi ár, en þareð mjer þykir nefnt útsvar alt of hátt leyfi jeg mjer virðingarfyllst að gjöra nefndinni grein fyrir efnum mínum og ástæðum sem hvorttveggja hljóta að hafa verið nefndinni mjög ókunn um leið og jafnað var niður.

Tekjur mínar á komandi ári geta undir engum kringumstæðum orðið meiri en sem svarar 1500, þar sem jeg hlýt að missa af hinum arðsamasta hluta útgjörðartímans en það er vetrarvertíðin, en til þess þó að geta haft þessar 1500 kr. verð jeg strax með vorvertíðarbyrjun að geta ráðist sem formaður fyrir skip, geti jeg það ekki hljóta tekjur mínar að verða minni.

Hvað viðvíkur efnum mínum og ástæðum í fáum orðum leyfi jeg mjer að skýra nefndinni frá þeim. Efni mín eru engin, og stafar það af því, að jeg undanfarin ár og alt til þessa hef látið allt kaup mitt ganja til móður minnar, annað en það sem jeg hef undanfarna vetur hef brúkað til þess að fullnemast í sjómannafræði við sjómannaskólann í Kaupmannahöfn. Þótt jeg eigi farinn frá móður minni hlýt jeg að styrkja hana til þess hjer, ásamt nú fremdi systir minni sem

þetta er ógjett. Vinna fyrir sjer.

hjá henni er, geti litið sómasamlega, þar eð þær eru tvær, verður ~~það~~ það minnsta sem gjet hugsað mjer 200 kr um árið sem jeg hlýt að skaffa henni.

Af framangreindum ástæðum vonast jeg því til að hin háttvirta niðurjöfnunarnefnd lækki útsvar mitt um sem svari 20 krónur og gjöri mjer að greiða sama og fyrirrennara mínum Páli Halldórssyni var gjört að greiða meðan hann hafði sömu stöðu og jeg hef núna.

Að síðustu leyfi jeg mjer að bera mig saman við þá/ina gjaldendur sem mjer er gjört jafnt að greiða og meira

Páll Halldórsson stýrimannaskólakennari, maður með 1800 föstum launum.

Magnús Benjamínsson úrsmiður, maður sjálfsagt mjög vel efnaður

Jóhannes Jósefsson trjesmiður, útgjörðarmaður og húseigandi (55 kr)

Kristinn Magnússon skipstjóri, útgjörðamaður og hefur fyrir engum að sjá (55 kr)

Sigurður Jónsson járnsmiður Eyjólfur Þorkellsson úrsmiður, báðir sterkríkir menn o. fl.

Reykjavík 20/12 1899

Virðingarfyllst
M. Magnússon

Til

Niðurjöfnunarnefndarinnar í

Reykjavík

© Borgarskjalasafn Reykjavíkur

Herra skipstjóri Magnús Magnússon,
Bergstaðastræti, Rvík.

Í bæjarst. Rvíkur, 9. jan. 1901.

X

No 14/1900. –

Kæru yðar, dags: 20. f. m., yfir aukaútsvari því til bæjarsjóðs, að upphæð 60 kr., ~~lagði jeg fyrir niðurjöfn~~ sem niðurjöfnunarnefndin í síðastliðnum nóvembermánuði gjörði yður fyrir yfirstandandi ár, – lagði jeg fyrir nefndina á fundi hennar 4. þ. m., og varð það úrskurður nefndarinnar, að athuguðum öllum málavöxtum, að kærunni yrði ekki veitt áheyrn, og að útsvarið skyldi standa óbreytt.

Um leið og jeg tilkynni yður, herra skipstjóri, þennan úrskurð nefndarinnar, skal jeg taka það fram, að með tilliti til þess, sem tekjur yðar áreiðanlega hafa verið síðastliðið ár, áætlar nefndin, að tekjur yðar verði ~~x~~ á yfirstandandi ári 2000–2500 kr.; og ef þilskipa-útvegur gengur vel, öðrum eins og hann heppnaðist árið sem leið, mun síðari upphæðin alls eigi vera sett of hátt, fyrir sig einn ómagalausan mann; og þó að efni yðar kunni að vera lítil, álítur nefndin yður skuldlausan, eða svo að kalla. – Nefndin kannast alveg við, að móðir yðar ~~[illegible]~~ og systir sjeu ómagar yðar, og telur víst að móðir yðar bjargist af eigin rammleik með dóttur sinni. Annað mál er það, sem nefndin eigi efast um, að þjer sem góður sonur munið í hvívetna vera aðstoð móður yðar og styrkja hana, þótt hún eigi þurfi [illegible] Til

© Borgarskjalasafn Reykjavíkur

að komast af. — Nefndin leggur nú, að botn-útsvar sje eptir þörfum þessa bæjarfjelags-[illegible] of hátt gjald fyrir ómagalausan mann, sem að minnsta kosti hefur 2000 kr. í árstekjur. Hitt þykir nefndinni mega segja með fyllstu rökum, að gjaldið sje allt of lágt í samanburði við gjöld margra annara borgara bæjarins, og hefur nefndin komizt að raun um þetta við rannsókn þá og athugun, sem hún hefur gjört [illegible] í tilefni af kæru yðar. Samt hefur nefndinni eigi að síður þótt ástæða til að færa gjald yðar upp, og jafnframt skal þess getið, að henni hefur eigi þótt nægileg tilefni til að hækka auka-útsvör þeirra manna, sem þjer nefnið til samanburðar í kæru yðar. —

© Borgarskjalasafn Reykjaví

Gjald – 45 kr. Lækkað No 15/1900. – 28/12 ov. –
1899 – 45 – – um 10 kr.

Í aukaútsvarsskrá bæjarins fyrir árið 1900, sé ég, að manni mínum, [illegible] B. Kristjánssyni, er gjört að skyldu að greiða í aukaútsvar – 45. kr.

Ég get því ekki annað en látið það álit mitt í ljósi, að mér finst, að við hjónin verðum æði hart úti, að eiga að svara út þessari upphæð, þegar litið er til launa mannsins míns, eigindóms- og ástæðna annarar. Allir vita, hvernig heilsu hans er varið. Eigindómurinn meira og minna pantsettur og þar af leiðandi borgum á vöxtum sjálfsögð. Þegar hin heiðraða niðurjöfnunarnefnd

© Borgarskjalasafn Reykjavíkur

hefur athugað þessar ástæður, vona ég að Honum finnist öll sanngirni mæla með því, að útsvar okkar hjóna verði að minsta kosti fært niður í 30 kr. Að minstakosti vona ég, að útsvar okkar hjóna verði eigi hæft herra enn útsvar bókavarðar H. Melsted (hefur 50 Kr.) sem er maður á bezta aldri með 1500 kr. í árslaun.

R.vík 20. dec. 1900

Með virðingu

Elinborg Kristjánsson

Til

niðurjöfnunarnefndarinnar í R.vík.

© Borgarskjalasafn Reykjavíkur

Herra Prófastur Benedikt Kristjánsson,
Laufásvegi, Reik.

Í B.stj. Rvíkur, 9. Jan., 1901.

Kæru yðar, dags. 20. f. m., yfir aukaútsvari því til bæjarsjóðs, að upphæð 45 kr., sem niðurjöfnunarnefndin í síðastliðnum nóvembermánuði gjörði yður að greiða fyrir yfirstandandi ár, — lagði jeg fyrir nefndina á fundi hennar 4. þ. m., og varð það þá úrskurður nefndarinnar, eptir að hún hafði athugað kæruna og alla málavexti, að færa skyldi niður gjald yðar um 10 kr., eða úr 45 kr. ofan í 35 kr. —

Þetta tilkynnist yður hjermeð, herra prófastur, eptir fyrirlagi nefndarinnar, og skal jafnframt geta þess, að útsvar Bókavarðar Hallgríms Melsteð, sem þjer minnist á í kæru yðar, er nú 50 kr.

№ 15/1900. —

© Borgarskjalasafn Reykjavíkur

© Borgarskjalasafn Reykjavíkur

No 16/1900 – 28/12.00. Reykjavik 27 December 1900

Gjald 8,00

~~1899 4,00~~

i dag kom utsvarsseðill til
min og sér jég að þjer hafi
bæt við mig 4,00 meir i ár
en áður og þykir mig það
undarlegt þar sem jég hafi
haft konan i rumminu að mestu
leiti alt árið jég hafi að eins
i haust geta unnið að heiman
og inn unnið mig 170,00
það er alt sem jég hafi haft
og það er farið i skuldir
og þott meira hafði verið.
jég er heilsulaus og veik með
mesti kvalir það geti
hver maður sjéð sem
er algáður og með augun
opin jég vona að einhver
af þeim sem eru i niður
jöfnunar nefnd eru alveg

Enn sinnt í gildum eigi verið minna.

ekki sångirni ad leggja å
mig 8 Krónur í útvar
og eins hafi verid bætt vid
mig lodargjald af byggdri
lód en ekki hafi jég byggt
í ár mjer vitanligt
hvergi fyrir mig nje
adra og vildi jég óska
þess ad fá ad vita hvernig
á þessu öllu stendur
dálítiti nákvæmari
verdur jég ad vonast
eftir ad mjer sje sýnt
eins og adra
þess skal getið ad
jeg eigi hafi getad
sjed skránna af því
og var vid vinnu
í hafnarfirdi
á medan hún lág
© Borgarskjalasafn Reykjavíkur

frammi og þessvegna
get jég eigi vita um
aðra og vona jég að
nefndin leiðrjetti
þettað og að minsta
kosti fari utvarið
niður þat það eigi verði
meira en áður þatt
að mjer verði fullt
ervatt með það einn
og áistendur konan
liggur nu aptur og
jég verð að matreiða
tvo og gjöra alt sem
þarf meðan jég stend
á fæti og er það oft
erfitt að skriða á
fæti ef hjer eigi vill

© Borgarskjalasafn Reykjavíkur

svara mjer þá gjöri þjer
mig þann greiða að skoða
ástæður mínar það er
þá sjón söguríkari
jeg vona að þjer sjái
mig og lagað þettað
þótt jeg eigi hafi
vitað af því og geta
sagt yður það fyrri

virðingarfyllst
Ó J Halldórsson

til (2 börn og konan).

Niðurjöfnunarnefn-
dar í Reykjavík

© Borgarskjalasafn Reykjavíkur

Herra timburmaður Ó. J. Halldórsson, Rvík, Laugavegi. —

Í bæjarstj. Rvíkur, 9. jan. 1901.

X

Kæru yðar, dags. 27. f. mán. yfir aukaútsvari því til bæjarþarfa, að upphæð 8 kr., sem niðurjöfnunarnefndin í síðastliðnum nóvembermánuði gjörði yður að greiða á yfirstandandi ári, — lagði ég fyrir nefndina á fundi hennar 4. þ. m., og úrskurðaði nefndin þá, eptir að hafa athugað kæruna og alla málavexti nákvæmlega, að það ætti ekki taka hana til greina, og að útsvar yðar skuli standa óbreytt. —

Um leið og ég tilkynni yður þennan úrskurð eptir fyrirlagi nefndarinnar, skal ég taka það fram, að nefndin taldi ~~[illegible]~~ að gjald yðar til bæjarþarfa (auk lóðargjalds) eigi mætti ~~vera~~ vera minna en 8 kr., þarsem þér eruð velvinnandi maður og einvera útgjörðarsamur, eigið fyrir lítilli ómegð að sjá, að eins 2 börnum, og kona yðar, að vitund nefndarinnar, hefur ~~hafi~~ verið með heilsu-bezta móti árið sem leið. Þó að efni yðar nú kunni að vera orðin lítil, þá er það kunnugt að þér fyrir nokkrum árum ~~þóttust e~~ áttuð eða þóttust eiga bæði hús- og jarðarparta, og inneignir hjá öðrum, og hyggur nefndin, að þér ~~munuð~~ eigi hafa eytt þessu öllu saman. Líklegt er, að þér hafið varið nokkru af því í húseign yðar, en þá má á hinn bóginn benda á, að þér hafið tekjur af húsinu (í leigugjöldum). Þetta vakti fyrir nefndinni, er hún

No 116/1900. —

© Borgarskjalasafn Reykjavíkur

ákvað auka-útsvar yðar, og hefir kæran yðar eigi að neinu leyti breytt skoðun nefndarinnar á högum yðar, því að hún gefur alls engar upplýsingar um efnahag yðar. — Þar sem þjer í kærunni ennfr. að fást um lóðargjald af byggðri lóð, er þjer teljið yður ranglega krafinn um, skal jeg benda yður á, að ~~þjer~~ þjer verðið þar að lútandi að snúa yður til bæjargjaldkerans, en ekki til niðurjöfnunarnefndarinnar. —

© Borgarskjalasafn Reykjavíkur

Gjald: 400 Kr.-
Lækkað um 100 Kr.

No 13/1907. - 24/12.07.-

Af niðurjöfnunarskrá Reykjavíkur hefi eg orðið þess var að verzluninni "Godthaab" er gjört að greiða 400 krónur í aukaútsvar fyrir næstk: ár.- En þar eð mér finnst þetta gjald vera svo langt fram úr hófi í samanburði við aðra gjaldendur og gjaldþol verzlunarinnar; þá neyðist eg til að fara þess á leit við hina heiðruðu niðurjöfnunarnefnd bæarins, að hún enn á ný yfirvegi útsvar þetta, og lækki það að m. k. ofan í 150 krónur, eða að öðrum kosti hækki hlutfallslega á hinum gjaldendunum, sem eg tek til samanburðar.

Vegna þess að verzlun þessi er ný hér í bænum, og þar af leiðandi mætti búast við, að nefndinni að nokkru leiti ekki væri fullkunnugt um ástæður hennar, bjóst eg öðruhvoru við, að hún - nefndin - mundi senda mann úr sínum flokki á fund minn, til þess að afla sér þeirra upplýsinga, sem hún þættist við þurfa, til þess að geta réttilega skapað verzluninni það gjald, sem henni bæri. En þar sem þetta ekki varð, og mér virðist hin heiðraða nefnd hafa gjörsamlega lagt þetta útsvar á út í bláinn, þá skal eg hérmeð ekki láta hjá líða, að tjá henni allar ástæður verzlunarinnar til fullnustu, þó mér hefði orðið ljúfara, að hafa fengið ástæðu til að gjöra það fyrr, og þannig komast í veg fyrir þetta ágreinings efni.

Þegar um efnahag Godthaabsverzlunar er að ræða, hefði mátt ætla að flestir nefndarmannanna hefði getað farið nærri um það, að hann væri ekki mjög glæsilegur, þarsem eigandi hennar nýtekið hefir misst aleigu sína á Akranesi, eins og sannað er af opinberum auglýsingum, sem optar en einu sinni ~~hafa~~ birtar verið.- Þannig hlaut verzlunin að vera stofnuð á gjörsamlega berum grundvelli. Um ástæður eigandans hennar, er það að segja, að hann hefir sjö börn, öll í ómegð og tvö

© Borgarskjalasafn Reykjavíkur

gamalmenni fyrir að sjá. - Ennfremur ber að geta þess, að Gotthaab hefir haft við talsverða erfiðleika að stríða, til þess að geta rekið þá verslun, sem hún hefir haft á þessu fyrsta ári sínu, og skal sjerstaklega taka fram hina afarháu húsa- og lóðaleigu, sem verður fyrir þetta ár alls 2091 kr. Einnig hefir eigandi hennar í ár þurft að flytja sig búferlum frá Hafnarfirði hingað til bæarins, og hér um í haust úr einu húsi í annað, er hvorttveggja hefir að sjálfsögðu talsverðan kostnað í för með sér. - Auk annars kostnaðar hefir Verslunin mátt til að kosta forstjóra sinn þrjár ferðir til útlanda, til þess að stofna og koma á legg verslunninni, og þó tekist hafi, að útvega nægilegt veltufé, þá er það allt leigufé, sem er allt annað, heldur en að eiga allt sjálfur, líkt og hinar vel grodursettu selverslanir, sem standa á gömlum og rótgrónum merg. Einnig má geta þess, að verslun þessi hefir á þessu fyrsta ári orðið að kosta öll áhöld sín að nýju, og dregur það að m. k. um 500 kr.

Verslunarmagn Gotthaabsversl. hefir í ár verið 2 farmar af timbri, sem til samans gjöra um 40,000 kr. og þess utan um 6000 kr. í öðrum vörum. -

Til samanburðar leyfi eg mér að tilgreina

1. Björn kaupm. Kristjánsson - 2. Geir kaupm. Zoëga
3. J. P. T. Brydes verslun. - 4. Lyfsala M. Lund
5. Kola og Timburversl. Reykjavík. 6. Sturla og Friðrik Jónssynir
7. Th. Thorsteinsson kaupm. 8. Brynjólfur kaupm. Bjarnason
9. Jón kaupm. Þórðarson og 10. Timburverslun iðnaðarmanna

1. Björn Kristjánsson mun sjálfsagt hafa minna verslun en Gotthaab en þar sem það er eldri verslun, mun hann óefað reka hana með talsvert meiri hag, en hér er gjört, auk þess, sem hann á sjálfur á talsverða húseign, og hefir hinsvegar ekki neinum ómaga fyrir að sjá, svo eg viti, þar sem börnin öll eru komin á framfæri. - Virðist mér því óeðlilegt

© Borgarskjalasafn Reykjavíkur

að „Godthaab" greiði hærra útsvar en hann, og fer eg því fram á, að hennar útsvar sé lækkað ofan í 150 kr., eða að Björns verði hækkað í 400 kr. eins og „Godthaab" nú hefir - eða hlutfallslega við það sem hann að verða.

2. Geir Zoëga kaupm: er með jöfnu útsvari og „Godthaab" nfl: 400 kr. – Um efnahag hans vissu menn gjörla, þegar skiptin fóru fram, fyrir nokkrum árum, og voru þau þá ekki glæsileg; síðan hefir honum varla hnignað, enda votta þilskipakaup hans nú að nýju, húsabyggingar m. m. ljósast um það. Hann á þannig talsverðar eignir hér í bænum, bæði í lóðum og húsum, og 9 þilskip, sem hin síðustu 2 ár munu hafa gefið honum talsverðan arð, ekki síst, þegar tekin er með viðskiptin við skipshafnirnar. Það að auki mun hann hafa talsvert af vöruleifum, sem hann líklega á að mestu, eða öllu leiti – en aðeins 4 börn að framfæra. – Eg fer því fram á, að ef „Godthaabs" útsvar verður ekki lækkað í 150 kr., að hans sé þá hækkað í 700 krónur, að minnsta kosti.

3. J. P. T. Brydes verzlun á að greiða í aukaútsvar 1100 krónur. – Hún er, sem flestum mun kunnugt, ein af hinum elstu gömlu selverzlunum hér á landi, og er nú víst orðin með stærstu - eða stærsta verzlun hér í bænum. – Eg tel víst, að verzlunarmagn hennar hér í bænum sé um 10 sinnum meira en „Godthaabs": – Einnig mætti taka tillit til þeirra góðu og verðmiklu húseigna sem hún á hér. – Um það, hve ábatasöm verzlun sú er, þarf að líkindum engum orðum að eyða; eg þykist fullviss um að salan á steinolíunni í sumar og haust - minnst 1000 föt - sem þó er aðeins lítil grein af verzlunarmagni hennar, hafi fært þessari verzlun meiri netto ágóða, en „Godthaab" hefir haft af allri sinni verzlun í ár – ekki að gleyma kola-verzlun hennar hér, sem að sjálfsögðu mun færa eigandanum drjúgar tekjur, eins og óefað kolaverzlun hans í Hafnarfirði við dönsku Stjórnina engu síður mun gefa drjúgt af sér, en sem hann ekki mun greiða neitt aukaútsvar af þar, og ber því

© Borgarskjalasafn Reykjavíkur

að líkindum að telja á þá tekjugrein með verzlun þeirri hér. Samkvæmt framangreindu fer eg fram á, að útsvar þeirrar verzlunar sé hækkað upp í 2500 krónur, á móts við Gothaabs 400 kr: eða þá hlutfallslega við, ef það verður lækkað. –

4. Lyfsali M. Lund, sem er gjört að greiða 400 kr útsvar, á hina stærstu af þeim fáu einkaleyfisverzlunum, sem ennþá haldast við hér á landi. Verzlun þessi var síðast seld fyrir 100,000 krónur, og að það er mjög ábatasöm verzlun, efar víst enginn. Ástæður herra Lunds, að öðru leiti, virðast ekki vera mjög bágbornar, einsog nefndinni mun kunnugt, þar sem aðeins er eitt barn fyrir að sjá. Frá mínu sjónarmiði virðist mér vera mjög svo ólíkar ástæður hjá honum og Gothaab, og er þeim þó ætlað að greiða jafnt útsvar. Eg fer því fram á, að útsvar hans sé hækkað upp í 800 krónur, á móts við Gothaabs 400 kr: eða þá hlutfallslega við það sem kann að verða. –

5. Kola og Timburverzlun Rok. með 275 kr; hefir haft og hefir ennþá langstærsta timburverzlun hér, sömuleiðis talsverða kolaverzlun. Þegar þess utan er gætt að því, hve afar hægt eigandi hennar á með að reka þessa verzlun á sem arðsamastan hátt. – Hann á allt sjálfur, sem til þess þarf, bæði sögunar og heflingarverksmiðjur ytra, skipin sem flytja mestan viðinn og kolin hingað upp, og öll húsin sem þessar vörur eru geymdar í hér. Einnig virðist mega taka tillit til gufuskipaferðanna, sem eigandi þessarar verzlunar heldur uppi árlega hér í Faxaflóa, með opinberum styrk, og sem hlýtur að færa honum talsverðan arð; því þótt stundum hafi flogið fyrir, að útgerð þessi sé ekki ábatasöm, þá geng eg út frá, að henni mundi varla haldið áfram árlega, ef svo væri. Að öllu þessu athuguðu liggur ljóst fyrir að hún hlýtur að hafa talsvert meira gjaldþol en Gothaab; og fer eg því fram á, að útsvar hennar sé hækkað minnst uppí 700 krónur í samanburði við Gothaabs 400 kr: eða þá hlutfallslega við. –

© Borgarskjalasafn Reykjavíkur

6. Sturla og Friðrik Jónssynir eiga tilsamans að greiða 500 kr. og legg ég mér að bera útsvar Gotthelfs saman við þeirra beggja tilsamans þareð ég hygg, að þeir versli aðeins í félagi, þó Friðrik í orði kveðnu eigi aðra verzlunina. Þeir bræður eru nú búnir að reka talsverða verzlun í mörg ár samfleytt, víst engu minni, heldur að mun meiri árlega, en Gotthelf hefir nú, og að þeirra verzlun hafi verið ábatasöm mjög, það sýna ljósast hinar mörgu stóreignir þeirra, sem þeir smámsaman hafa komist yfir; Og þó þeir að líkindum hafa fengið talsvert erfðafé, þá styður það engu síður álit mitt, og líklega flestra, að þeir sé nú sem stendur mjög fjáðir, og þaraf leiðandi hafa mjög mikið gjaldþol – samhliða því, sem hvorugur þeirra hefir fyrir öðru að sjá en sínum eigin munn og maga! Mjer virðist því sanngjarnt og gjöri það að kröfu minni, að nefndin hækki útsvar þeirra bræðra tilsamans upp í 1000 kr. ef Gotthelfs útsvar verður látið standa í 400 kr. ella hlutfallslega við það. –

7. Th. Thorsteinsson með 600 kr. – Maður þessi er sem flestum mun kunnugt mjög fjáður, á stóreignir bæði í húsum og þilskipum og hlotnaðist honum fyrir fáum árum mjög mikið erfðafé, en hefir aðeins 5 börn fram að færa. Verzlunarmagn hans er að sjálfsögðu talsvert meira en Gotthelfs þareð aðeins viðskiptin við þilskipaflota hans tilsamans mun vera miklu meira en Gotthelf hefir verzlað í ár, og er þó ótalin öll önnur verzlun, sem hann hefir. Að öllu samanlögðu, virðist mér gjaldþol hans miklu meira en Gotthelfs og fer því fram á að útsvar hans sje að m.k. hækkað upp í 800 kr. sje Gotthelfs látið vera í 400 kr, ella hlutfallslega við það.

8. Brynjólfur Bjarnason á að greiða 180 kr. Hann er gjörsamlega einhleypur maður, rekur allmikla, kostnaðarlitla, en ábatasama verzlun árlega, og er maður mjög vel fjáður, tel ég víst að hann eigi 40,000 kr. skuldlaust nú sem stendur, og mun varla ofmikið í lagt. Virðist mér því

© Borgarskjalasafn Reykjavíkur

Gjaldþol hans vera talsvert meira, - en ekki helmingi minna-
en Gothaabs; og fer ég því fram á, að útsvar hans verði hækkað
í 500 Kr: að óheimta kosti, á móti við Gothaabs 400 Kr, eða þá
hlutfallslega við. -

9. Kaupm. Jóni Þórðarsyni er gjört að greiða 200 Kr: - helmingi
minna en Gothaab! - en þó er þar maður, sem er gjörsamlega
ómagalaus; á stóreignir bæði í húsum og skipum og rekur
margbreitta stórverslun sem opt mun færa honum talsverðan
arð. - Ég fæ ekki séð á hverju nefndin hefir byggt þetta útsvar,
þareð mér virðast ástæður hans vera mjög glæsilegar.
Fasteignir hans hér í Reykjavík, að þilskipum meðtöldu, munu
sjálfsagt nema fullum 40,000 krónum, þar að auk á hann verslun
á Ísafirði; með víst ekki svo litlum vörubyrgðum, og talsverðar
vörubirgðir hér. Tel ég mjög ólíklegt að hann skuldi hér
og erlendis meir en vörumagn hans nemur. Vera má
að nefndin hafi byggt útsvar þetta, á sögusögninni um
að Jón hafi verið miður heppinn með hrossakaup sín í ár.
Ef til vill er nokkuð hæft í þeirri sögusögn, og er það
nærgætnislegt að taka slíkar ástæður til greina, sjerstaklega
ef þær væru á rökum byggðar, sem ég efa að sé, öðruvísi
en svo, að þetta fyrirtæki hafi ekki fært honum eins mikinn
arð og hann hefir búist við. Af öllum þessum ástæðum
virðist mér að gjaldþol Jóns sé mun meira en Gothaabs;
og hefði mér þótt eðlilegt að hausavíxl hefði verið á útsvörum
þeirra. Ég fer því fram á að útsvar hans sje hækkað
í 600 Kr að m. k. til jafnaðar við Gothaabs 400 Kr, eða þá
hlutfallslega við það.

10. Timburverslun iðnaðarmanna er gjört að greiða 40 Kr:
og hefir hún þó verslað með timbur fyrir um 25,000 Kr:
í ár, sem er um fjórði partur af allri Gothaabs verslun
í ár með þó 10 sinnum hærra útsvar en hún. Þess má geta
að verslun þessi hefir nú staðið í nokkur ár og því mun
hægra með að færa sér í nyt arðinn af slíku fyrirtæki, heldur
en Gothaab, sem er að byrja, og hefir því búið mjög ólíkar

© Borgarskjalasafn Reykjavíkur

ástæður að búa. Það virðist ekki ósanngjarnt, sem eg vil fara fram á að verzlun þessi greiði að minsta kosti 100 krónur í útsvar ef Gothaab greiðir 400 kr, eða þá hlutfallslega við það sem kann að verða.

Af öllum þessum dæmum sem eg nú hef tilfært, - og mætti þó mjög mörg fleiri, - Gothaabs útsvari til samanburðar - hefir nefndin ánnarsvegar, í fyrsta lagi, eitt dæmi uppá mjög auðuga og arðsama útlenda stórkaupmanns-selverzlun her á landi: Verzlun sem grípur yfir mikinn part af allri okkar verzlun her í bænum í öllum greinum, sem fær marga gufuskipafarma til sín á ári hverju og sendir einnig frá sér marga farma, bæði af fiski, hrossum og flestum þeim vörutegundum sem land okkar framleiðir. Auðvitað þykist verzlun þessi, ef tilvill, sjaldan græða, að minsta kosti ekki að mun; en eg vil fá leyfa mér að spyrja: Hvernig safnast þá til eiganda hennar stórfé á stórfé ofan, þannig að líklega miljónum nemur? - og - allt út úr landinu! -
Ennþá önnur selverzlun er sú, sem verzlar mestmegnis með þá vörutegund, sem Gothaab einnig hefir brot af, ʒ: timburverzlun. Arðurinn af henni fer einnig burt úr landinu. Ennfremur sjö dæmi uppá innlendar verzlanir, sem öllum er vel í álnir komið, - auðvitað meira og minna - en hafa þó allar margsinnis meira eignafé en Gothaab; enda er hætt við að safnast það sem ekkert er! -
Allar eru þessar verzlanir gamlar í það minnsta á móts við Gothaab, sem er að byrja, og líklega mun hægra að styðja þær en reisa. - Það er jafnan hægra að styðja gömul rótgróin mittartré, heldur en að reisa upp úr engu, þar sem leita þarf að hverri fjölinni, sem við þarf, til þess að reist verði. - Af þessum sjö verzlunum hafa fjórir af eigendunum alls enga ómaga - einn hefir eitt barn, annar fjögur og þriðji fimm börn fram að færa

© Borgarskjalasafn Reykjavíkur

en þar á móti hefir „Godthaab“ alls níu ómaga, og hlýtur hin heiðraða nefnd alls ekki að virða að vettugi, hvert maðurinn sem gjalda skal hefir mörg börn fram að færa, eða fá og jafnvel engin – að minnsta kosti; veit víst sá gjörst sem reynir, að það gjörist ekki af engu að ala upp mörg börn sómasamlega. –

Hinsvegar hefir nefndin fyrirséð fátæk hjón, með stórum barnahóp, sem er að leitast við að bjarga sér, og með talsverði fyrirhöfn er að reyna til að komast á réttan kjöl aptur, til þess að geta alið upp barnahópinn sinn sómasamlega og verða ekki öðrum að byrði, heldur ef ske kynni með framtíðinni að geta orðið félaginu að nokkru liði. – Það er þessvegna að útsvar þetta ekki eingöngu furðar mig, heldur hefir einnig hryggt mig, þar sem það næstum því ber þess vott, að tilganginum fremur sé að hefta viðgang þessarar verzlunar hér í bænum, heldur en að styðja hana, og hefir hún þó talsvert stuðlað til þess að bæði bæarmenn og aðrir hafa getað fengið þolanleg kaup á þeim fáu vörutegundum er hún hefir verslað með. –

Legg ég svo mál þetta á ný til nánari yfirvegunar og úrskurðar fyrir hina heiðruðu niðurjöfnunarnefnd, og vona ég að hún sjái sér fært að verða við kröfum mínum, sér-staklega um lækkun „Godthaabs“ útsvars. Að öðrum kosti óska ég að kæru þessari verði vísað til æðra úrskurðar. –

Reykjavík 23 desember 1901.

Virðingarfyllst

pr. verzl. „Godthaab“

Th. Jensen.

Til

Niðurjöfnunarnefndar Reykjavíkurbæar.

© Borgarskjalasafn Reykjavíkur

Til

Bæjarfógetans í Reykjavík.

Í Njfn. Rvíkur, 11. jan., 1901.

L (frá Hofi á Kjalarnesi)

NJN. 1900 (1901). –

Eptir að niðurjöfnunarnefnd Reykjavíkur hafði lokið hinu árlega niðurjöfnunarstarfi sínu í síðastliðnum nóvembermánuði, og skráin yfir aukaútsvörin hafði legið til sýnis lögboðinn tíma, bárust nefndinni kærur frá 16 gjaldþegnum. Þessar kærur voru lagðar fram, ræddar og úrskurðaðar á fundi nefndarinnar 5. þ. mán., og urðu þá þessar breytingar á niðurjöfnuninni. –

Gjöld felld niður:

1. Tómasar Petersen, vegavinnustjóra ... kr. 20,00.
2. Ólafs Eyjólfssonar, Miðhúsum ... 10,00.
3. Guðlaugar Þórðardóttur, frá Sumarliðabæ – 8,00.

Gjöld lækkuð:

1. Jens Lange, málara, Laugavegi, um kr. 10,00.
2. Bjarna Magnússonar, lausamanns, Vesturg. ... 3,00.
3. Þorkels Halldórssonar, Stórugrund, frá Kiðjafelli ... 2,00.
4. Björns Gíslasonar, skipstjóra, Bakka ... 5,00.
5. Benedikts Kristjánssonar, prófasts, Laufásvegi ... 10,–

Lækkun alls – kr. 68,00.

Gjald hækkað:

Björns Guðmundssonar, múrara, um kr. 10,00.

Kærur frá eptirnefndum mönnum voru að engu leyti teknar til greina:

1. ~~frá~~ Þorgrími Jónssyni, Bergskoti
2. Sigurði Péturssyni, lögregluþjóni.
3. Sigurði Gunnarssyni, járnsmið.
4. Daníel Bernhöft, bakara.
5. Jóni Steinasyni, skipstjóra.
6. Jóni Björnssyni, trésmið, Bræðraborgarstíg 11.

Snúið.

© Borgarskjalasafn Reykjavíkur

7. Magnúsi Magnússyni, skipstjóra, Bergstaðastræti.
8. Ole Haldorsen, timburmanni, Laugaveg. —

Jafnframt og jeg sem formaður virðingarmanna-nefndarinnar gef yður, herra bæjarfógeti, ofannefnda skýrslu, endursendi jeg

Skjöl þau, er fylgdu bréfinu ~~bæjarfógetans~~ yðar, dags. 20. júní og 26. okt. f. á. ~~[illegible]~~. —

© Borgarskjalasafn Reykjavíkur

© Borgarskjalasafn Reykjavíkur

Hjermeð leyfi jeg mjer að kalla hina heiðruðu meðnefndarmenn mína í niðurjöfnunarnefndinni á fund, sem haldinn verður í iðnaðarmannahúsinu á morgun föstudag 4. þ. m. kl. 4½ e. h., til þess að ræða og úrskurða útsvarskærur þær, sem mjer hafa borizt. —

Reykjavík, 3. janúar, 1907.

Halldór Jónsson

p. t. formaður nefndarinnar.

Hra adjunkt Pálmi Pálsson sjeð
— kaupmaður Kr. Ó. Þorgrímsson sjeð
— verzlunarstjóri Ólafur Amundason sjeð
— skipstjóri Hannes Hafliðason sjeð
— fátækrafulltrúi Guðmundur Guðmundsson sjeð

© Borgarskjalasafn Reykjavíkur

© Borgarskjalasafn Reykjavíkur

Hjermeð leyfi jeg mjer sem formaður niðurjöfnunarnefndar Reykjavíkur að kalla neðannefnda heiðraða nefndarmenn á fund, sem haldinn verður í Iðnaðarmannahúsinu fimmtudaginn 8. þ. m. kl. 4½ e. h., til þess að byrja á hinum venjulegu niðurjöfnunarstörfum. —

Reykjavík, 7. Nóv., 1900.

Kristján Jónsson.

Herra kaupmaður Kr. Ó. Þorgrímsson. sjeð.

— — adjunkt Pálmi Pálsson. sjeð

— — verslunarstjóri Ólafur Amundason. sjeð

— — Fátækrafulltrúi Guðm. Guðmundsson sjeð

— — skipstjóri Hannes Hafliðason. — sjeð

© Borgarskjalasafn Reykjavíkur

© Borgarskjalasafn Reykjavíkur

1900 (1899)

30,808 Kr. –

Upphæð Kr 30338,46. (ár 1900).

| | |
|---|---|
| Með 5% | – – – 31855,38. |
| Með 6% | – – – 32158,77. |
| Með 7% | – – – 32462,15. |
| Með 8% | – – – 32765,54. – |

~~22/ii. 1900 fengið c. Kr. 32550~~,00. –
niður er jafnað alls Kr. 32,594,00.
ɔ: Tæplega 7½ % framyfir –

© Borgarskjalasafn Reykjavíkur

© Borgarskjalasafn Reykjavíkur

30338,46.
2123,69, ~~22~~

32594,
30338,46
=2255,54

Samkvæmt um-
tali síðast við yður
hátt virt yfir-dómari
Kristján Jónsson
sendi jeg hjer með út-
drátt úr niður jöfnunar
skrá Kjalarneshrepps
af fátækragjaldi Herra
Kaupmans Helga Helga-
-sonar í Þerney, sem er
Aukaútsvar Kr. 50.00
Tíund hans af Þerney er
Kr. 1.95. niðurjöfnunin
fór hjer framm 20 október
þ. ár. Þettað gefst til

© Borgarskjalasafn Reykjavíkur

vitundar hinnar háttvirtu niðurjöfnunarnefnd í Reykjavík, til þóknanlegrar leiðbeiningar.

Virðingarfyllst
Kjalarneshreppi 23. Október 1900

Álfsnesi
Kr. Þorkelsson
(oddviti)

Herra yfirdómari Kristján Jónsson
Reykjavík

© Borgarskjalasafn Reykjavíkur

BÆJARFÓGETINN Í REYKJAVÍK

*Reykjavík* 26. *d.* október *mán.* 1909.

Jafnframt því að tilkynna hinni heiðruðu niðurjöfnunarnefnd, að samkvæmt áætlun um tekjur og gjöld bæjarsjóðsins, sem nú hefur verið samin, ber að jafna niður aukaútsvörum í bæjarþarfir árið 1910, 39,338,46 aura, vil jeg til leiðbeiningar við niðurjöfnunina telja hjer á eptir þá menn, er fengið hafa atvinnuleyfi í kaupstaðnum síðan 20. júní þ. á.

I. Borgarabrjef.

1. Matthías Matthíasson, faktor
2. Sigurður Sigurðsson, búfræðingur frá Langholti
3. Guðm. Einarsson, frá Nesi

II. Sveinsbrjef:

1. Kopi Þórðarson, trjesmiður, Klapparstíg 4.
2. Þorleifur Jónsson, — " — Skólavörðustíg 4.
3. Gísli Bjarnason — " —
4. Tryggvi Matthíasson — " — Laugaveg 61.

III. Tómthúsmannaleyfi:

1. Magnús Bjarnason frá Ytri-Ásláksstöðum
2. Guðm. Guðmundsson — " — Stóru-Vatnsleysu
3. Kristján Einarsson — " — Birnustöðum á Skeiðum
4. Sigmundur Pjetursson, Doktorshúsinu
5. Sigríður Jónsdóttir frá Rafnkelsstöðum
6. Þórarinn Bjarnason — " — Hafnarfirði, Bræðraborg

© Borgarskjalasafn Reykjavíkur

7. Jón Sigurðsson, stýrim., Bergstaðastræti 32.
8. — Jónsson frá Kóravöllum
9. — Árnason, yngri, Suðurgötu 7.
10. Guðleif Erlendsdóttir, Breiðabólstöðum
11. Jón Árnason, eldri, Flateyri
12. Páll Árnason, Skambeinsstöðum
13. Ólafur Bjarnason, Bankastræti 12.
14. Sigurður Sigurðsson frá Sólheimahjáleigu
15. Jón Jónsson, Vesturgötu 28
16. Guðjón Ólafsson, Hliði
17. Gísli Björnsson frá Vatni, Laugaveg 27.
18. Guðni Þorkelsson, Laugaveg 48.
19. Sólveig Eyjólfsdóttir — — 41.
20. Runólfur Þórðarson, Mónum

IV. Lausamennskuleyfi.

1. Guðmundur Björnsson, Móakoti
2. Guðlaug Jónsdóttir, hjá Árn. Ámundasyni

Þetta leyfi jeg mjer að tilkynna hinni heiðruðu niðurjöfnunarnefnd og um leið senda umsóknarbrjef þeirra manna, er tómthúsmannaleyfi hafa fengið.

Brjef þessi óskast endursend þegar niðurjöfnunarnefndin hefur notað þau.

Halldór Daníelsson

Til
formanns niðurjöfnunarnefndarinnar.

© Borgarskjalasafn Reykjavíkur

**BÆJARFÓGETINN Í REYKJAVÍK.**

*Reykjavík* 20. d. júní mán. 1900.

Síðan 26. okt. f. á. hafa eptirtaldir menn fengið aðsetur- og atvinnuleyfi hjer í bænum.

I. Borgarabrjef.

+1. Thorvaldsensfjelagið
+2. Wilhelm Alexander Nielsen
14 +3. Gísli Þorbjarnarson, búfræðingur
30 +4. Jón Ámundason, söðlasmiður

II. Sveinsbrjef.

31 +1. Jóhann Jónsson, trjesmiður
+2. Þorsteinn Sigmundarson —
32 +3. Jón Magnússon —
+4. Ludv. Christian Andersen, skraddari
17 +5. Guðmundur Egilsson, trjesmiður
33 +6. Jónas Björnsson —
16 +7. Guðjón Jónsson —
+8. Páll Guðmundsson —
12 +9. Friðberg Stefánsson, járnsmiður
+10. Natanael Mósesson, skósmiður
+11. Kristján Teitsson, trjesmiður
+12. Kristófer Egilsson, járnsmiður
+13. Steindór Árni Ólafsson, trjesmiður.

III. Tómthúsmannsleyfi.

+1. Sveinn Gunnlaugsson, Laugav. 20.
7 +2. Eiríkur Jónsson — hjá Ól. járnsm. Gunnlaugss. V.g. 21c

© Borgarskjalasafn Reykjavíkur

+3. Ólafur Bjarnason, Bakkabúð
4 +4. Björn Jónsson, Bala í Kjalarnesi
3 +5. Bjarni Gíslason, Lindargötu 9.
+6. Halldór Jónsson, Árbæ í Ölfusi
+7. Jónas Hjerónýmusson, Laugav. 16.
+8. Þórður Þórðarson, frá Gróttu, [illegible]
+9. Samúel Símonarson, Bergstaðastræti 16.
+10. Sigurður Ólafsson frá Minna-Mosfelli í Grímsnesi.
+11. Hróbjartur Ólafsson, frá Mykjunesi í Holtum
+12. Sigurður Bjarnason, Vesturgötu 50.
18 +13. Guðjón Brynjólfsson, Brynjólfsstöðum við Framnesveg
+14. Ólafur Jónsson, frá Tittvögl, nú í Litlagerði.
8 +15. Einar Eiríksson, frá Herríðarhóli í Holtum.
+16. Stefán Jónsson, Reynistað í Þingholtum
+17. Jón Jónsson, Torfastöðum í Grafningi
2 +18. Berent Sveinsson, Mýrarhúsum
9 +19. Einar Einarsson, Holti, Eystri hrepp
19 +20. Guðbjörg Erlendsdóttir, Engey
~~5~~ 20 +21. Guðm. Þorleifsson, Árbæjarhjáleigu í Holtum
+22. Kristín Þórarinsdóttir, Bergstaðastræti 1.
5 +23. Björn Guðmundsson, Heiðarbæ, Þingvallasveit
10 +24. Einar Guðmundsson, Miðdal
21 +25. Guðm. Guðmundsson, Kolviðarhól
+26. Halldór Guðbjarnason, Akranesi
22 +27. Gunnar Ólafsson, [illegible], Skeiðum
+28. Hjörtur Þorkelsson, Bakkakoti
+29. Magnús Th. S. Blöndal, Hafnarfirði.

© Borgarskjalasafn Reykjavíkur

+ 30a Magnús Bjarnason, frá Úthlíðarkoti
+ 30b Sæmundur Hafliðason, Tjarnarkoti í Garði.
+ 31. Ólafur B. Waage, Skildinganesi
+ 32. Magnús Gudbr. Bjarnason, Grímot í Mýrum
+ 33. Sigurður Guðmundsson, Skildinganesi

IV. Vandamannaleyfi.

+ 1. Jósep Sæmundsson, Móakoti.
23 + 2. Guðjón Jónsson, hjá Carli Ólafssyni
17 + 3. Einar Ólafsson, Ívarsseli
+ 4. Ásdóra Jónsdóttir, Litlalandi Sanggakoti
+ 5. Sigríður Guðjónsdóttir, Hafnarhól
24 + 6. Guðrún Jónsdóttir, Þingholtsstræti 7.
+ 7. Margrét Ólafsdóttir, Bræðraborg
+ 8. Kristín Helgadóttir hjá Helga Teitssyni
25 + 9. Guðríður Jóhannsdóttir — Magnúsi Benediktssyni
1 ~~10.~~ + Árni Sigurðsson — Þórði Helgasyni +
16 + ~~11.~~ Gísli Jónsson — Samúel Ólafssyni
+ 12. Ólöf Sigurðardóttir — Eyjólfi Ófeigssyni
+ 13. Kristín Jónsdóttir — Magnúsi Blöndal
+ 14. Vilborg Ólafsdóttir, Vesturgötu 27
+ 15. Kristín Árnadóttir, Ingólfsstræti 5.
26 + ~~16.~~ Guðný Árnadóttir, Vesturgötu 48.
+ 17. Oddur Bjarnason, Ívarsseli
27 + ~~18.~~ Guðbjörg Oddsdóttir, hjá E. Bjarnasyni
+ 19. Kolfinna Jónsson — Högna Finnssyni
+ 20. Sigríður Bergsteinsdóttir — Joh. Zoëga.
28 + ~~21.~~ Guðbjörg Einarsdóttir — Hans Jónssyni Bala
+ ~~22.~~ Jóhannes Guðmundsson — Laufásvegi 21.

© Borgarskjalasafn Reykjavíkur

+28. Þórður Þórðarson hjá Magnúsi Benidiktssyni Skálh.

+24. — Árnason, Hrammsnesi 1. —

V. Skipstjóraskírteini.

6 +1. Björn Gíslason, Bakka við Reykj., áður leyft í

+2. Sigurður Jónsson, Skipstjóri

+3. Indriði Gottsveinsson —

+4. Magnús Þorsteinsson —

+5. Jón Einarsson —

+6. Páll J. Matthíasson —

13 +7. Finnbogi Finnbogason —

29 +8. Guðm. Gíslason —

Þetta leyfi jeg mjer að tilkynna hinni heiðruðu niðurjöfnunarnefnd og um leið senda umræddu bréf þeirra manna, er Húsmennskuleyfi hafa fengið. Bréf þessi óskast endursend þegar nefndin hefur notað þau. —

Hannes Daníelsson

Til

niðurjöfnunarnefndar Reykjavíkur kaupstaðar. —

© Borgarskjalasafn Reykjavíkur